



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Umhverfis- og tæknisvið Hafnarfjarðar
Anna S. Kristjánsdóttir
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 7. október 2005

Tilvísun: UST20050700028/óaj

Breyting á aðalskipulagi vegna færslu Reykjanesbrautar við Straumsvík

Vísað er til erindis umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar dags. 2. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreinda tillögu að breyttu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Í ofangreindri breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 er gert ráð fyrir færslu Reykjanesbrautar sunnan álversins í Straumsvík. Færsla brautarinnar nemur allt að 670 metrum á um 5,2 km kafla. Færslan er talin vera nauðsynleg vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar í framtíðinni og er breikkun brautarinnar á núverandi stað talin ógerleg miðað við fyrirhugaða stækkun álversins.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér skerðingu á eldhraunum á um 5,2 km kafla en samkvæmt 37. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd njóta eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Kapelluhrauni hefur töluvert verið raskað, sérstaklega sunnan Reykjanesbrautar þar sem nú er umfangsmikil iðnaðarstarfsemi. Vestan við eyðibýlið Þorbjarnarstaði myndar hraunið nánast samfellda óraskaða heild, ef undan er skilin náma í Selhrauni og byggðalínur sem þvera hraunið. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu beggja vegna fyrirhugaðrar veglínu Reykjanesbrautar.


Að mati Umhverfisstofnunar er röskun eldhrauna alltaf neikvæður kostur enda um að ræða óafturkræf áhrif á jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Í stefnumörkun umhverfisráðherra um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020 sem ber nafnið „Velferð til framtíðar“ er m.a. fjallað um skipulagða verndun jarðmyndana. Þar segir m.a.: „*Forgangsmál er að vernda jarðmyndanir og kerfi sem eru sjaldgæf eða óvenjuleg á heimsmælikvarða....og sérstæð fyrirbæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. hraun*“. Umhverfisstofnun telur að ef brýna nauðsyn ber til að skerða eldhraun og niðurstaða stjórnvalda er sú að skerðingin er talin ásættanleg skal eftir fremsta megni reynt að lágmarka raskið með viðeigandi aðgerðum, t.d. með því að halda skeringum í lágmarki.


Framangreind framkvæmd er matsskyld samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og þarf í skipulagi að setja fyrirvara um að breytingin sé háð mati á

umhverfisáhrifum. Ekki hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og þar af leiðandi ekki ljóst hve mikil umhverfisáhrif fyrirhuguð skipulagsbreyting hefur í för með sér. Því áskilur Umhverfisstofnun sér rétt til þess að gera athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd við mat á umhverfisáhrifum hennar.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun